

Umhverfsvænni viðburðir

Ef halda skal viðburði, þá eru nokkur atriði sem þarf að hafa í huga við skipulagningu til að draga úr umhverfisáhrifum viðburðarins:

- ✓ Finna ráðstefnusal/þjónustuaðila sem er með umhverfsvottun s.s. Svaninn, ISO umhverfsvottun, Vakann eða Græna lykilinn. Það gerir eftirleikinn auðveldari hafi staðurinn þegar þurft að standast vottunarferli er varðar umhverfismál.
- ✓ Tryggja að boðið sé upp á kranavatn en ekki vatn í einnota flöskum.
- ✓ Tryggja að eingöngu sé boðið upp á margnota drykkjarmál og borðbúnað.
- ✓ Tryggja að gestir geti flokkað úrgang.
- ✓ Tryggja að dreifiefni eða gögn séu í lágmarki.
- ✓ Merkisþjöld fyrir ráðstefnugesti séu ekki plöstuð eða séu í sem minnstum „umbúðum“.

Matvæli:

- ✓ Tryggja að ekki sé boðið upp á s.s. mjólk, sultu, sykur innpakkað í litlar einingar
- ✓ Óska eftir því að boðið sé upp á lífrænt ræktað kaffi, te, ávexti eða annað.
- ✓ Tryggja að ekki sé boðið upp á máltíðir pakkaðar í umbúðir eða að halda þeim í eins miklu lágmarki og hægt er eða notast við vottaðar lífbrjótanlegar umbúðir.
- ✓ Sé boðið upp á máltíðir er reynt að bjóða grænmetisrétt.
- ✓ Óska eftir því að vitað sé um uppruna matvæla.
- ✓ Óska eftir því að boðið sé upp á staðbundin matvæli.
- ✓ Tryggja að ekki sé um ofveidda stofna – óska eftir upplýsingum um slíkt.

Samgöngur

- ✓ Velja staðsetningu sem er næst flestum gestunum.
- ✓ Er boðið upp á fjarfund?
- ✓ Er gestum bent á að samkeyra, hjóla, taka strætó?
- ✓ Eru upplýsingar um vistvænar leiðir í tölvupósti og/eða viðburðagögnum?
- ✓ Ef um rútu er að ræða er þá óskað eftir vistvænum eldsneytisgjöfum, umhverfisstefnu fyrirtækis og hæfni bílstjóra í vistakstri og að bifreið sé ekki í lausangangi?

